

LV-2017-093



Landsvirkjun



Þjórsár- og Tungnaárvæðið

Skipulags- og lóðarmál

Lykilsíða



Skýrsla LV nr.: LV-2017-093

Dags: Október 2017

Fjöldi síðna:

Upplag: 5

Dreifing:

- Birt á vef LV
 Opin
 Takmörkuð til

Titill: Þjórsár- og Tungnaárvæðið. Skipulags- og lóðarmál.

Höfundar/fyrirtæki: Steinsholt ehf., Gísli Gíslason og Ingibjörg Sveinsdóttir.

Verkefnisstjóri: Björk Guðmundsdóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar:

Útdráttur:

Tilgangur verkefnisins er að uppfylla Umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

Verkefnið snýst um að skoða skipulagsmál fyrir framkvæmdir og mannvirki Landsvirkjunar, sem eru í rekstri, á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár. Markmið með verkefninu er að tryggja að mannvirki séu ávallt í samræmi við gildandi skipulag eins og skipulagslög hverju sinni gera ráð fyrir. Þannig verða meiri líkur á skilvirkari meðferð og afgreiðslu leyfisveitinga. Með því að marka stefnu um skipulags- og lóðamál getur Landsvirkjun sett fram skýrari framtíðarsýn um æskilega framþróun á einstökum orkuvinnslusvæðum.

Verkefnið er unnið í samræmi við umhverfisstefnu Landsvirkjunar og til að uppfylla stefnumið um *Starfsemi án umhverfisatvika* og að "Tryggja að öllum lagalegum kröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt og setja strangari kröfur eftir því sem við á" og að unnið verði „...markvisst að forvörnum og umbótum...“.

Í skýrslunni er farið yfir núverandi stöðu aðal- og deiliskipulagsmála, þjóðlendur, mannvirki og lóðir, fornminja- og mannvirkjaskráningar. Starfsstöðvar sem skoðaðar voru eru; Búrfellsvirkjun, Sultartangavirkjun, Búðarhálsvirkjun, Hrauneyjarfossvirkjun, Sigölduvirkjun, Vatnsfellsvirkjun, Vindrafstöðvar á Hafinu, Þórisvatnsmiðlun, Kvíslaveita og Hágöngumiðlun. Gerðar eru tillögur um úrbætur á hverju svæði fyrir sig eftir því sem þörf krefur, með hliðsjón af markmiðum Landsvirkjunar í umhverfis- og öryggismálum. Skilgreind eru þau verkefni sem þarf að vinna í framhaldinu. Teknar eru saman niðurstöður og sett fram næstu skref, verkefnalisti.

Skýslan hefur að geyma texta, töflur, yfirlitsloftmyndir, ljósmyndir af mannvirkjum, aðal- og deiliskipulagsupprætti og yfirlitsupprátt yfir virkjanir og veitur.

Lykilord: skipulagsmál, aðalskipulag, deiliskipulag, lóðir, þjóðlendur, fornminjaskráning, mannvirkjaskráning

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Skýrsla nr.
LV-2017-093



Þjórsár- og Tungnaárvæðið

Skipulags- og lóðarmál



STEINSHOLT

Október 2017

Titill:	Þjósár- og Tungnaársvæðið. Skipulags- og lóðarmál.
Verk nr.:	AK187
Ráðgjafar	Steinsholt ehf Gísli Gíslason og Ingibjörg Sveinsdóttir
Verkefnisstjóri:	Gísli Gíslason
Unnið fyrir:	Landsvirkjun
Forsíðumynd:	Mannvirki við Ísakot
Undirskrift verkefnisstjóra:	

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	7
1.1	Vinnuhópur	7
1.2	Forsaga	8
2	LÝSING VERKEFNIS	8
2.1	Skipulagsskylda	8
2.2	Þjóðlendum	9
2.3	Lóðir	9
2.4	Uppdrættir	10
3	VIRKJANIR	10
3.1	Búrfellsvirkjun	10
3.1.1	Staða skipulags	11
3.1.2	Mannvirki	13
3.1.3	Tillögur um úrbætur	15
3.1.4	Næstu skref	15
3.2	Sultartangavirkjun	16
3.2.1	Staða skipulags	17
3.2.2	Mannvirki	18
3.2.3	Tillögur um úrbætur	18
3.2.4	Næstu skref	18
3.3	Búðarhálsvirkjun	19
3.3.1	Staða skipulags	19
3.3.2	Mannvirki	21
3.3.3	Tillögur um úrbætur	21
3.3.4	Næstu skref	21
3.4	Hrauneyjafossvirkjun	22
3.4.1	Staða skipulags	23
3.4.2	Mannvirki	24
3.4.3	Tillögur um úrbætur	25
3.4.4	Næstu skref	25
3.5	Sigölduvirkjun	26
3.5.1	Staða skipulags	27
3.5.2	Mannvirki	28
3.5.3	Tillögur um úrbætur	28
3.5.4	Næstu skref	28
3.6	Vatnsfellsvirkjun	28
3.6.1	Staða skipulags	30
3.6.2	Mannvirki	30
3.6.3	Tillögur um úrbætur	31
3.6.4	Næstu skref	31
3.7	Vindrafstöðvar á Hafinu	31
3.7.1	Staða skipulags	32
3.7.2	Mannvirki	34
3.7.3	Tillögur um úrbætur	34
3.7.4	Næstu skref	34

4	MIÐLANIR/VEITUR	34
4.1	Þórisvatnsmiðlun	34
4.1.1	Staða skipulags	36
4.1.2	Mannvirki	37
4.1.3	Tillögur um úrbætur	37
4.1.4	Næstu skref	37
4.2	Kvíslaveita	37
4.2.1	Staða skipulags	39
4.2.2	Mannvirki	39
4.2.3	Tillögur um úrbætur	40
4.2.4	Næstu skref	40
4.3	Hágöngumiðlun	40
4.3.1	Staða skipulags	41
4.3.2	Mannvirki	41
4.3.3	Tillögur um úrbætur	42
4.3.4	Næstu skref	42
5	NIÐURSTAÐA	42
5.1	Breytingar á aðalskipulagi	42
5.2	Breytingar eða gerð nýs deiliskipulags	43
5.3	Lóðir	43
6	HEIMILDIR	44
	VIÐAUKI 1 – AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTIR	45
	VIÐAUKI 2 – DEILISKIPULAGSUPPDRÆTTIR	45

1 INNGANGUR

Verkefnið snýst um að skoða stöðu skipulagsmála fyrir framkvæmdir sem eru leyfis skyldar samkv. lögum nr. 123/2010, lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og orkumannvirki Landsvirkjunar sem eru í rekstri á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár samkv. lögum um mannvirki nr. 160/2010. Markmið með verkefninu er að tryggja að mannvirki séu ávallt í samræmi við gildandi skipulag eins og skipulagslög hverju sinni gera ráð fyrir. Þannig verða meiri líkur á skilvirkari meðferð og afgreiðslu leyfisveitinga. Með því að marka stefnu um skipulags- og lóðarmál getur Landsvirkjun sett fram skýrari framtíðarsýn um æskilega framþróun á einstökum orkuvinnslusvæðum.

Í stefnu Landsvirkjunar (STE-023) er hlutverkið *“að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi”* (<https://arsskyrsla2016.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/stefna#HlutverkLandsvirkjunar>). Í stefnu Landsvirkjunar STE-023 og í umhverfisstefnu STE-003 er í báðum tilvikum tekið fram að fyrirtækið tryggi að allar lagalegar kröfur séu uppfylltar.

“STE-023

- **Skapa stuðning og samstöðu með opnum samskiptum við hagsmunaaðila.** Við teljum mikilvægt að sem breiðust sátt ríki um jafnvægið milli umhverfis-, samfélags- og arðsemisjónarmiða í rekstri fyrirtækisins. Fyrirtækið vill stuðla að sjálfbærri þróun samfélagsins, það er í fararbroddi hvað umhverfismál varðar og áhersla er lögð á samfélagsábyrgð þess. Fyrirtækið uppfyllir ytri kröfur, opinberar, lög og reglur, sem og aðrar kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

STE-003

Samtal við hagsmunaaðila

- Vinna samkvæmt hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, m.a. með virku samtali og þátttöku í samstarfsverkefnum með hagsmunaaðilum.
- Stuðla að opinni og málefnanlegri umræðu og gera grein fyrir árangri fyrirtækisins í umhverfismálum.

Starfsemi án umhverfisatvika

- Tryggja að öllum lagalegum kröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt og setja strangari kröfur eftir því sem við á.
- Vinna markvisst að forvörnum og umbótum, m.a. með rannsóknum, markmiðasetningu og með skráningu og úrvinnslu ábendinga.¹

Í skipulagslögum nr.123/2010 er kveðið á um að framkvæmdir og mannvirki séu leyfis skyld og háð umsögnum ýmist sveitarfélaga, skipulagsstofnunar og viðeigandi hagsmunaaðila. *Skipulagsferlið á að tryggja að land sé nýtt á hagkvæman hátt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi sveitarstjórna þurfa að byggja á skipulagi og vera í samræmi við það.* (tilvísun www.skipulag.is). Með því að fara í lögformlegt skipulagsferli er verið að skapa stuðning og samstöðu með opnum samskiptum með hagsmunaaðilum ásamt því að vinna í anda sjálfbærrar þróunar. Auk þess minnkar það líkur á umhverfisatvikum, töfum og kostnaði þegar til framkvæmda kemur.

Til að fylgja skipulagslögum þarf því að hafa gildandi skipulagsáætlanir fyrir allar starfsstöðvar til þess að fyrirtækið geti uppfyllt stefnu fyrirtækisins í STE-023 og STE-003. Í formlegu skipulagsferli er einnig tryggt samráð og kynning á framtíðaráætlunum Landsvirkjunar sem stuðlar að opinni og málefnalegri umræðu um framkvæmdir og rekstur Landsvirkjunar á orkuvinnslusvæðum og minnkar líkur á árekstrarflötum.

1.1 VINNUHÓPUR

Verkefnið er unnið með vinnuhópi Landsvirkjunar. Í hópnum eru Björk Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Sigurður Guðni Sigurðsson deildarstjóri vatnsaflsdeildar og Ingvar Christensen á lögfræðisviði Landsvirkjunar. Ráðgjafar eru Gísli Gíslason og Ingibjörg Sveinsdóttir frá Steinsholti ehf.

¹ Gæðaskjöl Landsvirkjunar 2017

1.2 FORSAGA

Árið 1997 tóku gildi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Með þeim lögum voru felld saman þágildandi skipulagslög nr. 19/1964 og byggingarlög nr. 54/1978. Helstu breytingar á áherslum frá gildandi skipulagslögum voru einfaldari meðferð skipulags- og byggingarmála og aukið frumkvæði sveitarfélaga og þess sem skilgreind voru mismunandi stig skipulagsáætlana, þ.e. deiliskipulag, aðalskipulag, svæðisskipulag og landsskipulag. Með lögunum var einnig frumkvæði til skipulagsgerðar (aðalskipulags og deiliskipulags) og ábyrgð flutt til sveitarfélaga frá ríkinu. Þá var með lögunum embætti skipulagsstjóra ríkisins lagt niður og í þess stað varð til ný stofnun, Skipulagsstofnun. Til viðbótar komu til ákvæði varðandi starfsheimildir byggingarstjóra, sett var á fót úrskurðarnefnd o.fl.

Á árinu 2010 var skipulags- og byggingarlöggjöfinni aftur skipt upp og eru núgildandi skipulagslög, nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Í núgildandi skipulagslögum eru skýrari fyrirmæli en áður um samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana, bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Áhersla er lögð á að skiplagsgerð sé skilvirk og jafnframt sveigjanleg svo sem varðandi breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra. Þá er Skipulagsstofnun nú falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur þó gert sé ráð fyrir staðfestingu ráðherra í ákveðnum tilvikum. Þó lögin leggi áherslu á forræði sveitarfélaga á skipulagsmálum er jafnframt viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum landsskipulagsstefnu sem lögð er til grundvallar skipulagsgerð sveitarfélaga. Þá eru í lögunum ákvæði um staðfestingu Skipulagsstofnunar á aðal- og svæðisskipulagi sveitarfélaga og að Skipulagsstofnun tryggi samræmi milli skipulagsáætlana og samræmi við stefnu ríkisins varðandi landnotkun og byggðapróun.

2 LÝSING VERKEFNIS

Verkefnið felur í sér úttekt á stöðu aðal- og deiliskipulagsmála fyrir virkjanir (kafli 3) og miðlanir/veitur (kafli 4) á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. Lagt var mat á hvort mannvirki séu rétt skilgreind í aðalskipulagi samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og hvort deiliskipulag sé í gildi fyrir allar deiliskipulagsskyldar framkvæmdir. Þá var farið yfir hvort skráning fornminja hefði farið fram á hverju svæði fyrir sig. Ennfremur er gerð úttekt á skráningu lóða hjá Fasteignamatí ríkisins og stöðu lóðablaða fyrir skráningarskyld mannvirki.

Gerðar eru tillögur um úrbætur á hverju svæði fyrir sig eftir því sem þörf krefur, með hliðsjón af markmiðum Landsvirkjunar í umhverfis- og öryggismálum. Skilgreind eru þau verkefni sem þarf að vinna í framhaldinu og eru hugsuð sem langtímaverkefni.

2.1 SKIPULAGSSKYLDA

Samkvæmt gr. 12 í skipulagslögum nr. 123/2010 nær skipulagsskylda „til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.“

Aðalskipulag

Í gr. 28 og 29 í skipulagslögum nr. 123/2010 segir: „Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Sveitarfélög skulu á hverjum tíma hafa í gildi aðalskipulag. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið“.²

² Alþingi Íslands, 2010

Deiliskipulag

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.1.2 segir að deiliskipulag skuli gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skuli jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags. „Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir og settir skilmálar um byggðamynstur, mannvirki, landnotkun og nýtingu, vernd o.fl. eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags“ skv. gr. 5.1.3.

Gr. 5.3.2.1. Staðsetja skal byggingarreiti og setja skilmála um stærð bygginga og hæðarfjölda ofan jarðar og neðan, um þakform, mænishæð, mænisstefnu, efni og útlit o.fl. eftir atvikum. Gera skal grein fyrir stærð og umfangi annarra mannvirkja svo sem virkjana-, fjarskipta- og veitumannvirkja, samgöngumannvirkja o.fl.

Gr. 5.3.2.2. Afmarka skal lóðir fyrir byggingar og önnur mannvirki eftir atvikum, og gera grein fyrir stærð þeirra.

Gr. 5.3.2.9. Virkjanir. Gera skal grein fyrir tegund orkuöflunar og áætluðu afli virkjana og setja skilmála um gerð og umfang mannvirkja neðanjarðar og ofan, vegakerfi, áfangaskiptingu, landmótun, borsvæða, lagnaleiða, lónum, frágangi og öðru eftir því sem við á. Gera skal grein fyrir hvernig orka verður flutt frá svæðinu. Sé gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu skal setja skilmála um þá starfsemi.

Gr. 5.3.2.15. Veitur og fjarskipti. Gera skal grein fyrir veitum og helgunarsvæðum þeirra, ofan jarðar og neðan, á uppdráttum og/eða í greinargerð. Gera skal grein fyrir staðsetningu og umfangi fjarskiptamastra, háspennulína og sambærilegra mannvirkja, og aðkomu að þeim“.³

Skráning mannvirkja - húsakönnun

Í tengslum við gerð deiliskipulags gerir Minjastofnun orðið kröfu um að vinna skuli húsakönnun á þegar byggðum svæðum. Markmiðið er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.⁴ Í gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð segir „Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar“.⁵

Landsvirkjun hefur hafið vinnu við skráningu mannvirkja á nokkrum svæðum, sambærilega við húsakönnun. Í skráningu Landsvirkjunar er greining og mat á mannvirkjum. Skráningu fyrir Kröflu og Bjarnarflag er lokið og unnið er að skráningu fyrir Laxárstöðvar. Stefnt er að slíkri skráningu fyrir öll mannvirki á virkjanasvæðum.

2.2 ÞJÓÐLENDUR

Virkjanir og veitur á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu eru innan þjóðlendna. Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti, sbr. 2. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna og er nýting vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku, náma og annarra jarðefna innan þjóðlendu háð samþykki ráðherra. Nýting lands og landsréttinda innan þjóðlendu að öðru leyti þarfnast samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar, og eftir atvikum ráðherra, sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. sömu laga.⁶

2.3 LÓÐIR

Miðað verður við skráningu lóða eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

³ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013

⁴ Alþingi Íslands, 2015

⁵ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013

⁶ Alþingi Íslands, 1998

2.4 UPPDRÆTTIR

Í Viðauka I er sýnd staða hvernar virkjunar og/eða miðlunar, eins og hún er sett fram í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

3 VIRKJANIR

Á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár eru sex vatnsaflsvirkjanir: Búrfellsvirkjun syðst, þá Sultartangavirkjun, Búðarhálsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, Sigölduvirkjun og Vatnsfellsvirkjun nyrst. Samanlagt afl þeirra er 935 MW. Vatni til miðlunar er safnað í uppistöðulónin Sultartangalón, Þórisvatn, Sauðafellslón, Kvíslaveitu og Hágöngulón. Að auki eru minni miðlunarmannvirki við hverja virkjun; Bjarnarlón, Sporðöldulón, Hrauneyjalón, Krókslón og Vatnsfellslón.⁷

3.1 BÚRFELLSVIRKJUN


Virkjunin var gangsett árið 1969. Uppsett afl hennar er 270 MW. Lón Búrfellsvirkjunar, Bjarnarlón, er myndað með stíflu í Þjórsá og er lónið um 1 km² að stærð. Veitumannvirki eru útbúin sérstakri ísskolunarloku sem fangar ís og krapa og skolar honum til hliðar þannig að hann berist ekki í Bjarnarlón. Aðrennsligöng virkjunarinnar eru um 1,5 km löng og veita vatni úr Bjarnarlóni gegnum Sámstaðamúla að stöðvarhúsi. Frárennslu virkjunarinnar rennur í Fossá.

Unnið er að stækkun Búrfellsvirkjunar og mun stækkunin bæta 300 GWst/ári við núverandi vinnslugetu. Stækkunin mun nýta veitumannvirki sem eru fyrir núverandi Búrfellsvirkjun.



Mynd 1. Stöðvarhús og tengivirki Búrfellsvirkjunar t.v. Ísskolunarvirki í Þjórsá við Ísakot t.h. (Mynd: Emil Þór Sigurðsson).

⁷ Landsvirkjun.is, án ártals



Mynd 2. Núverandi Búrfellsvirkjun og mannvirki hennar.



Mynd 3. Mötuneyti og skrifstofur Búrfellsvirkjunar t.v. og hesthús t.h. (Myndir: Steinsholt ehf.)

3.1.1 Staða skipulags

Virkjunarmannvirki eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra.

Aðalskipulag


Í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, með síðari breytingum, er Búrfellsvirkjun og athafnasvæði hennar skilgreint sem iðnaðarsvæði og að hluta til sem blönduð landnotkun iðnaðarsvæðis og svæðis til sérstakra nota. Íbúðar- og starfsmannahús á Skeljastöðum og Samsstöðum eru á íbúðarsvæði. Gerð er grein fyrir efnistökusvæðum. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag fyrir helstu svæði.

Yfirfall norðan við Bjarnarlón er að hluta til í Rangárþingi ytra. Ekki er gerð grein fyrir því í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 né varnargarði sem liggur frá Ísakoti til austurs.

Deiliskipulag

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar Búrfellsvirkjunar var unnið deiliskipulag fyrir allt virkjunarsvæðið og afmarkaðar lóðir fyrir allar byggingar. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir virkjunarmannvirkjum, starfsmannahúsum, veitum, vegum, göngu- og reiðleiðum, efnistöku- og efnislosunarsvæðum, útivistarsvæðum, skógræktarsvæðum, verndarsvæðum og minjum (Mynd 4).

Deiliskipulagið tók gildi með auglýsingu nr. 51/2016 í B deild Stjórnartíðinda þann 25. janúar 2016. Gerð var breyting á deiliskipulaginu með auglýsingu nr. 312/2016 og öðlaðist hún gildi 11. apríl 2016. Unnið er að annarri breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar.



Mynd 4. Yfirlitsuppráttur deiliskipulags fyrir Búrfellsvirkjun, með síðari breytingum – sjá viðauka 2.

Skráning fornminja

Í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir Búrfellsvirkjun fór fram fornleifaskráning á skipulagssvæði virkjunarinnar.⁸

⁸ Bjarni F. Einarsson, 2013, 2015

3.1.2 Mannvirki

Hjá Fasteignamati ríkisins er lóð Búrfellsvirkjunar skráð 100 ha, landnr. 166701. Lóðin er skilgreind sem viðskipta- og þjónustulóð. Innan hennar eru m.a. stöðvarhús, tengivirki, þrýstivatnsgöng, stíflur og inntak, varnargarður, íbúðir, spennistöð, skrifstofa, starfsmannahús, vindafllsvirkjun, skemma, verkstæði, geymsla og mótuneyti.

Önnur lóð, Búrfellsvirkjun sundlaug, landnr. 166702, er skráð 0 ha. Lóðin er skilgreind sem íbúðarhúsaloð. Innan hennar er sundlaug, gæsluhús, baðhús, starfsmannahús á Skeljastaðum 6 og 7, hesthús og rofahús.

Mannvirki Búrfellsvirkjunar eru eftirfarandi:

Mannvirki	Staða skv. Fasteignamati ríkisins	Tillögur til úrbóta
Stöðvarhús og spennar, steyp. 2.670,5 m ² . Fastanr. 220-2843. Matshlutanr. 01 0101. Í deiliskipulagi er afmörkuð lóð, I1, sem er 33.390 m ² .	Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.	Skilgreina sem iðnaðarlóð hjá FMR.
Tengivirki, steyp. 655 m ² . Fastanr. 220-2843. Matshlutanr. 02 0101. Í deiliskipulagi er afmörkuð lóð, I2, sem er 6.979 m ² .	Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.	Skilgreina sem iðnaðarlóð hjá FMR.
Skemmur og verkstæði. Í deiliskipulagi er afmörkuð lóð, I3, sem er 30.517,5 m ² . Fastanr. 220-2843. Matshlutanr. 38 0101 Skemma 2. Stærð 240,0 m ² . 39 0101 Skemma 1/Sjalli. Stærð 710,0 m ² . 97 0101 Skemma 3. Stærð 802,5 m ² .	Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.	Skilgreina sem iðnaðarlóð hjá FMR.
Inntakslokur og fjarskiptamöstur. Í deiliskipulagi er afmörkuð lóð, I4, sem er 5.578 m ² .	Óskráð.	Fjarskiptamöstur hafi skilgreinda lóð.
Lóð fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi skv. deiliskipulagi, I5. Stærð lóðar er 48.678 m ² . Lóðin er óbyggð.	Gert verður lóðablað fyrir lóðina ef af uppbyggingu verður á henni.	
Lóð fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi skv. deiliskipulagi, I6. Stærð lóðar er 26.690 m ² . Lóðin er óbyggð.	Gert verður lóðablað fyrir lóðina ef af uppbyggingu verður á henni.	
Stöðvarhús neðanjarðar vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar, steypar stíflur og skurðir, aðkomugöng að stöðvarhúsi. Í deiliskipulagi er afmörkuð lóð, I7, sem er 165.346 m ² . Lóðin er óbyggð.	Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.	
Skeljastaðir 9-11. Lóð ÍB1 á deiliskipulagi. Stærð lóðar er 6.012,0 m ² . Fastanr. 220-2843. Matshlutanr. 91 0101. Skeljastaðir 9. Skrifstofa steyp. 162,2 m ² . 92 0101. Skeljastaðir 9. Skrifstofa steyp. 30,4 m ² . 93 0101. Skeljastaðir 10. Íbúð steyp. 162,2 m ² . 94 0101. Skeljastaðir 10. Bílskúr steypur. 30,4 m ² . 95 0101. Skeljastaðir 11. Íbúð steyp. 162,2 m ² . 96 0101. Skeljastaðir 11. Bílskúr steypur. 30,4 m ² .	Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.	Skeljastaðir 9 er notað sem íbúðarhús og bílskúr. Þarf að skilgreina sem íbúðarlóð hjá FMR.

<p>Skeljastaðir 6-8. Lóð ÍB2 á deiliskipulagi. Stærð lóðar er 11.174,1 m². Fastanr. 220-2843. Matshlutanr. 89 0101</p> <p>89 0102. Skeljastaðir 8. Skrifstofur steipt. 347,4 m².</p> <p>90 0101. Skeljastaðir 8. Skrifstofur steipt.30,4 m².</p> <p>Fastanr. 220-2900. Matshlutanr. 02 0101.</p> <p>Skeljastaðir 6. Starfsmannahús timbur. 240,5 m².</p> <p>03 0101. Skeljastaðir 7. Starfsmannahús timbur. 240,5 m².</p>	<p>Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.</p>	<p>Skilgreina sem íbúðarlóð hjá FMR.</p>
<p>Skeljastaðir 1-2. Lóð ÍB3 á deiliskipulagi. Stærð lóðar er 3.132,1 m². Fastanr. 220-2843. Matshlutanr.</p> <p>26 0101. Skeljastaðir 1. Gestahús timbur. 135,7 m².</p> <p>27 0101. Skeljastaðir 2. Getahús timbur. 135,7 m².</p>	<p>Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.</p>	<p>Skilgreina sem íbúðarlóð hjá FMR.</p>
<p>Sámsstaðir 1-10, timbur. Lóð ÍB4 á deiliskipulagi. Stærð lóðar er 19.779,7 m². Fastanr. 220-2843. Matshlutanr.</p> <p>20 0101. Sámsstaðir 1. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>20 0102. Sámsstaðir 1. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>21 0101. Sámsstaðir 2. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>21 0102. Sámsstaðir 2. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>22 0101. Sámsstaðir 3. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>22 0102. Sámsstaðir 3. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>23 0101. Sámsstaðir 4. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>23 0102. Sámsstaðir 4. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>24 0101. Sámsstaðir 5. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>24 0102. Sámsstaðir 5. Íbúð timbur. 71,8 m².</p> <p>25 0101. Spennistöð Sámsstöðum. Steipt. 0 m².</p> <p>74 0101. Sámsstaðir 6. Íbúð steipt. 27,1 m².</p> <p>75 0101. Sámsstaðir 7. Íbúð steipt. 163,8 m².</p> <p>76 0101. Sámsstaðir 7. Íbúð steipt. 27,1 m².</p> <p>77 0101. Sámsstaðir 8. Íbúð steipt. 163,8 m².</p> <p>78 0101. Sámsstaðir 8. Íbúð steipt. 27,1 m².</p> <p>79 0101. Sámsstaðir 9. Orlofshús steipt. 163,8 m².</p> <p>80 0101. Sámsstaðir 9. Orlofshús steipt. 27,1 m².</p> <p>81 0101. Sámsstaðir 10. Íbúð steipt. 163,8 m².</p> <p>82 0101. Sámsstaðir 10. Bílskúr steiptur. 27,1 m².</p>	<p>Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.</p>	<p>Skilgreina sem íbúðarlóð hjá FMR.</p>

Búrfell. Lóð ÍB5 á deiliskipulagi. Stærð lóðar er 6.839,8 m ² . Fastanr. 220 2843. Matshlutanr. 99 0101. Mötuneyti og starfsm. Steypt, 1.142,1 m ² .	Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.	Leggja þarf mat á hvort skilgreina eigi lóðina sem iðnaðarlóð hjá FMR.
Lóð fyrir hesthús. Lóð L1 á deiliskipulagi. Stærð lóðar er 5.166 m ² . Fastanr. 220-2900. Matshlutanr. 05 0101. Hesthús steypt. 489,3 m ² .	Unnið er að gerð lóðablaðs í samræmi við afmörkun lóðar á deiliskipulagi.	Skilgreina sem landbúnaðarlóð hjá FMR.
Mannvirki við Ísakot.	Óskráð.	
Bjarnarlón.	Óskráð.	

3.1.3 Tillögur um úrbætur

Aðalskipulag

Unnið er að endurskoðun Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028. Þar er gerð grein fyrir yfirfalli norðan Bjarnarlóns. Yfirfallið veitir umframvatni frá Bjarnarlóni niður farveg Þjórsár. Einnig er gerð grein fyrir varnargarði sem liggur frá Ísakoti til austurs og beinir hugsanlegu flóðvatni í farveg Þjórsár.

Unnið er að endurskoðun á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Þar er gerð grein fyrir aðrennslisgöngum milli Bjarnarlóns og Búrfellsvirkjunar, einnig nýjum mannvirkjum vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar, s.s. skógræktarsvæði og golfvelli í samræmi við deiliskipulag. Sömuleiðis mannvirkjum við Ísakot og þau sett á iðnaðarsvæði.

Deiliskipulag

Við endurskoðun deiliskipulags fyrir Búrfellsvirkjun er eðlilegt að gera grein fyrir mannvirkjum við Ísakot, yfirfalli norðan Bjarnarlóns, stíflum og yfirfallsskurði. Einnig vantar aðrennslisgöng frá Bjarnarlóni að núverandi virkjun. Skipulagssvæðið þarf einnig að ná til Rangárþings ytra.

Lóðablöð


Ljúka þarf vinnu við skilgreiningu og stofnun lóða eins og lög gera ráð fyrir.

3.1.4 Næstu skref

- Í umsagnar- eða kynningarferli á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 þarf Landsvirkjun að yfirfara að gerð sé fullnægjandi grein fyrir virkjana- og veitumannvirkjum.
- Í umsagnar- eða kynningarferli á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þarf Landsvirkjun að yfirfara að gerð sé fullnægjandi grein fyrir virkjana- og veitumannvirkjum.
- Við endurskoðun deiliskipulags fyrir Búrfellsvirkjun eða Sultartangavirkjun verði gerð grein fyrir mannvirkjum við Ísakot, yfirfalli norðan Bjarnarlóns, stíflum og yfirfallsskurði. Einnig aðrennslisgöngum frá Bjarnarlóni að núverandi virkjun. Mannvirkin eru í 2 sveitarfélögum; Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra.
- Ljúka þarf vinnu við skilgreiningu og stofnun lóða eins og lög gera ráð fyrir.

3.2 SULTARTANGAVIRKJUN

Virkjunin var gangsett árið 1999. Uppsett afl er 120 MW og orkuvinnslugeta 1.020 GWst/ári. Sultartangalón var myndað með stíflu í farvegi Þjórsár og Tungnaár, rétt ofan við ármót þeirra. Sultartangalón er 20 km². Úr lóninu liggja 3,4 km aðrennslisgöng gegnum Sandafell að virkjuninni sem er suðvestan í fellinu. Frárennslisskurður virkjunarinnar er rúmir 7 km að lengd og veitir hann vatni aftur í farveg Þjórsár (Mynd 5).⁹



Mynd 5. Helstu mannvirki Sultartangavirkjunar.

⁹ Hugu Gunnarsdóttir, 2016



Mynd 6. Stöðvarhús Sultartangavirkjunar. (Mynd: Landsvirkjun).



Mynd 7. Sultartangalón og stífla. (Mynd: Landsvirkjun).



Mynd 8. Horft í átt að Búrfelli yfir Sultartangavirkjun og frárennisskurð hennar. Þjórsá t.v. (Mynd: Emil Þór Sigurðsson).

3.2.1 Staða skipulags

Virkjunarmannvirki eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er Sultartangavirkjun og athafnasvæði hennar skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opið svæði til sérstakra nota. Sultartangalón er sýnt á uppdrættinum. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag fyrir helstu svæði.

Í Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er Sultartangalón og stífla sýnt á aðalskipulagsuppdrætti og greint frá því að virkjanamannvirki séu þegar byggð.

Yfirfall Sultartangalóns er í Rangárþingi ytra. Ekki er gerð grein fyrir því á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Deiliskipulag

Hafin var vinna við gerð deiliskipulags fyrir Sultartangavirkjun árið 2014. Verkefnið var sett í bið af Landsvirkjun þar sem ákveðið var að klára fyrst deiliskipulag Búrfellsvirkjunar. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Sultartangavirkjun.

Skráning fornminja

Aðalskráningu fornminja í Ásahreppi er lokið. Minjar á áhrifasvæði Sultartangavirkjunar og mannvirkja hennar eru Tangavað á Tungnaá og ferjustaðurinn við Hald.10 Aðalskráning fornminja stendur yfir í Rangárþingi ytra en engin skráning hefur farið fram í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

¹⁰ Sólveig Guðmundsdóttir Beck, 2009

3.2.2 Mannvirki

Hjá Fasteignamati ríkisins er lóð Sultartangavirkjunar skráð 100 ha, landnr. 191624. Lóðin er skilgreind sem viðskipta- og þjónustulóð. Innan hennar eru m.a. stöðvarhús og tengivirki.

Mannvirki og lóðir	Staða skv. Fasteignamati ríkisins	Tillögur til úrbóta
Stöðvarhús 1.570,0 m ² , steypt. Fastanr. 225-6233, matshlutanr. 01 0101	Lóðin er skráð 100 ha, landnr. 191624. Skilgreind sem viðskipta- og þjónustulóð.	Unnið er að gerð lóðablaðs. Skilgreina þarf lóðina sem iðnað- arlóð.
Tengivirki 824,3 m ² , steypt. Fastanr. 225-6233. Matshlutanr. 02 0101.	Tengivirki er á sömu lóð og stöðvarhúsið.	Unnið er að gerð lóðablaðs. Skilgreina þarf lóðina sem iðnað- arlóð.
Yfirfall, steypt.	Óskráð.	
Botnrás, steypt.	Óskráð.	
Sultartangalón og stífla.	Óskráð.	

3.2.3 Tillögur um úrbætur

Aðalskipulag

Unnið er að endurskoðun á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Þar er gerð grein fyrir yfirfalli Sultartangalóns og það sett á iðnaðarsvæði.

Unnið er að endurskoðun á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Þar er gerð grein fyrir aðrennslisgöngum frá Sultartangalóni að stöðvarhúsi. Gerð er grein fyrir Búðarháslínu 1. Sett er inn iðnaðarsvæði fyrir botnrás.

Við næstu endurskoðun á aðalskipulagi Ásahrepps þarf að óska eftir að sett verði inn iðnaðarsvæði fyrir botnrás og annað fyrir yfirfall Sultartangalóns.

Deiliskipulag

Vinna þarf deiliskipulag fyrir Sultartangavirkjun.

Lóðablöð


Ljúka þarf vinnu við skilgreiningu og stofnun lóða eins og lög gera ráð fyrir.

3.2.4 Næstu skref

- Í umsagnar- eða kynningarferli á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 þarf Landsvirkjun að yfirfara að gerð sé fullnægjandi grein fyrir virkjana- og veitumannvirkjum.
- Í umsagnar- eða kynningarferli á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þarf Landsvirkjun að yfirfara að gerð sé fullnægjandi grein fyrir virkjana- og veitumannvirkjum.
- Landsvirkjun óski eftir því að við næstu endurskoðun á Aðalskipulagi Ásahrepps verði sett inn iðnaðarsvæði fyrir botnrás og annað fyrir yfirfall Sultartangalóns.
- Vinna þarf deiliskipulag fyrir Sultartangavirkjun.
- Ljúka þarf vinnu við skilgreiningu og stofnun lóða eins og lög gera ráð fyrir.

3.3 BÚÐARHÁL SVIRKJUN

Búðarhálsvirkjun var gangsett árið 2014. Uppsett afl hennar er 95 MW og í fullum afköstum vinnur hún um 585 GWst/ári. Lón Búðarhálsvirkjunar, Sporðöldulón, er myndað með stíflu sem þverar farveg Köldukvíslar og annarri sem beinir frávatni Hrauneyjafossvirkjunar í Sporðöldulón. Lónið er 7 km². Frá Sporðöldulóni liggja 4 km löng jarðgöng sem leiða vatnið gegnum Búðarháls að inntaki virkjunarinnar (Mynd 9).



Mynd 9. Mannvirki Búðarhálsvirkjunar.



Mynd 10. Stöðvarhús Búðarhálsvirkjunar t.v. Sporðöldulón t.h. (Mynd t.v: Landsvirkjun. Mynd t.h. Steinsholt ehf.)

3.3.1 Staða skipulags

Virkjunarmannvirki eru í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er gerð grein fyrir Búðarhálsvirkjun með orkugetu allt að 575 GWst/ári og uppsettu afli allt að 90 MW. Gerð er grein fyrir stíflu í Köldukvísl og veitugöngum að stöðvarhúsi við Sultartangalón. Miðlun er úr Sporðöldulóni sem er um 7 km² og afrennslí í Sultartangalón. Einnig er gerð grein fyrir Búðarhálslínu 1, 220 kV.


Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er gerð grein fyrir Búðarháslínu 1, 220 kV. Einnig þeim möguleika að tengivirki verði sett þar sem Búðarháslína 1 og Hrauneyjafosslína mætast.

Ekki er gert ráð fyrir Búðarháslínu 1 á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarháslínu 1 öðlaðist gildi með auglýsingu nr. 805/2010 í B-deild Stjórnartíðinda þann 8. okt. 2010. Gerð var breyting á deiliskipulaginu og öðlaðist hún gildi með auglýsingu nr. 525/2012 í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. júní 2012. Önnur breyting á deiliskipulaginu öðlaðist gildi með auglýsingu nr. 1021/2013 í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. nóv. 2013.

Hrauneyjafossvirkjun er að hluta til innan deiliskipulagssvæðisins þó ekki sé gerð grein fyrir mannvirkjum hennar.



Mynd 11. Deiliskipulag fyrir Búðarhálsvirkjun, með síðari breytingum – sjá viðauka 2.

Skráning fornminja

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum fyrir Búðarhálsvirkjun voru kannaðar fornleifar á Búðarhálsi og Þóristungum. Sex minjastaðir eru á framkvæmdasvæðinu og lentu einhverjir þeirra undir Sporðöldulóni.¹¹ Þá hefur verið unnið að því að finna og hnitsetja vörður á Holtamannafrétti og eru þær sýndar á deiliskipulagsupprætti.¹²

Í tengslum við umhverfismat fyrir Sprengisandslínu og veg yfir Sprengisand var árið 2015 unnin fornleifaskráning á áhrifasvæði þessara mannvirkja.¹³ Fundust þá nokkrar minjar til viðbótar, s.s. vörður.

Aðalskráningu fornminja í Ásahreppi er lokið.¹⁴ Aðalskráningu fornminja stendur yfir í Rangárþingi ytra.

¹¹ Hönnun, 2001

¹² Ingibjörg Sveinsdóttir, 2014

¹³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjóri o.fl., 2015

¹⁴ Sólveig Guðmundsdóttir Beck, 2009

3.3.2 Mannvirki

Stofnuð hefur verið lóð umhverfis stöðvarhús Búðarhálsvirkjunar og önnur umhverfis tengivirki hennar. Eftirtalin mannvirki eru hluti af Búðarhálsvirkjun:

Mannvirki	Staða skv. Fasteignamati ríkisins	Tillögur til úrbóta
Stöðvarhús 4.746,5 m ² , steipt. Fastanr. 235-1891. Matshlutanr. 01 0101. Inntakshús 134,0 m ² , steipt. Fastanr. 235-1891. Matshlutanr. 02 0101.	Landnúmer 222341. lðnaðar- og athafnalóð, stærð lóðar 8,6 ha. Lóðablað frágengið og lóðin stofnuð skv. því.	
Tengivirki. 909,6 m ² , steipt. Fastanr. 235-1892. Matshlutanr. 01 0101.	Landnúmer 222342. lðnaðar- og athafnalóð, stærð lóðar 7.000 m ² . Lóðablað frágengið og lóðin stofnuð skv. því.	
Sporðöldulón.	Óskráð.	
Inntak við Sporðöldulón.	Óskráð.	
Sporðöldustífla, botnrás, yfirfall, Tungnaárveita.	Óskráð.	

3.3.3 Tillögur um úrbætur

Aðalskipulag

Við næstu endurskoðun á aðalskipulagi Ásahrepps þarf að leiðrétta orkuvinnslugetu og uppsett afl Búðarhálsvirkjunar þannig að miðað verði við stækkaða virkjun. Sýna þarf stíflu í farvegi Tungnaár sem veitir vatni í Sporðöldulón.

Unnið er að endurskoðun á Aðalskipulagi Rangárpings ytra 2016-2028. Þar er sýnd stífla í farvegi Tungnaár, sem veitir vatni í Sporðöldulón.

Unnið er að endurskoðun á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Þar er gerð grein fyrir Búðarhálslínu 1 frá tengivirki við Sultartangavirkjun og austur yfir sveitarfélagamörk í Þjórsá.

Deiliskipulag


Hrauneyjafossvirkjun er innan deiliskipulagssvæðis Búðarhálsvirkjunar. Breyta þarf deiliskipulaginu þannig að mannvirki Hrauneyjafossvirkjunar séu utan þess.

3.3.4 Næstu skref

- Landsvirkjun óski eftir því að við næstu endurskoðun á aðalskipulagi Ásahrepps verði orkuvinnslugeta og uppsett afl virkjunarinnar leiðrétt. Einnig að sýnd verði stífla í farvegi Tungnaár sem veitir vatni í Sporðöldulón.
- Í umsagnar- eða kynningarferli á Aðalskipulagi Rangárpings ytra 2016-2028 þarf Landsvirkjun að yfirfara að gerð sé fullnægjandi grein fyrir virkjana- og veitumannvirkjum.
- Landsvirkjun sendi ábendingu til Landsnets um að í umsagnar- eða kynningarferli á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 verði yfirfarið að fullnægjandi grein sé gerð fyrir Búðarhálslínu 1.
- Breyta þarf deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar þannig að mannvirki Hrauneyjafossvirkjunar séu utan þess.

3.4 HRAUNEYJAFOSSVIRKJUN

Hrauneyjafossvirkjun er vatnsaflsvirkjun sem var tekin í notkun árið 1981. Virkjunin nýtir 88 m fallhæð við Hrauneyjar. Stærð virkjunar er 210 MW. Virkjunin nýtir vatn úr Tungnaá og Þórisvatni. Tungnaá var stífluð um 1,5 km ofan við Hrauneyjafoss og gerð lágrest jarðvegs- og grjótstífla sem myndar Hrauneyjalón. Lónið er 9,0 km². Úr því liggur um 1 km langur aðrennisskurður að inntaki við norðurbrún Fossöldu. Frárennisskurður er um 1 km langur og liggur í Sporðöldulón¹⁵ (Mynd 12).



Mynd 12. Yfirlitsmynd af Hrauneyjafossvirkjun og mannvirkjum hennar.

¹⁵ Hugrún Gunnarsdóttir, 2016



Mynd 13. Stöðvarhús, inntak og frárennisskurður Hrauneyjafossvirkjunar, sér í Hrauneyjalón ofar. (Mynd: Emil Þór Sigurðsson).



Mynd 14. Til vinstri eru starfsmannaíbúðir og mótuneyti. Til hægri er Hrauneyjalón. (Mynd: t.v. Sigfús Már Pétursson, mynd t.h. Emil Þór Sigurðsson).

3.4.1 Staða skipulags

Virkjunarmannvirki eru í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er stöðvarhús Hrauneyjafossvirkjunar á iðnaðarsvæði. Einnig er stífla Hrauneyjalóns sýnd og lónið og skurður sýnd sem “miðlunarlón og skurðir”. Í greinargerð aðalskipulagsins segir að virkjanamannvirki hafi verið byggð. Virkjunin er 210 MW og Hrauneyjalón 8,8 km².¹⁶

¹⁶ Huguín Gunnarsdóttir, 2016

Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er Hrauneyjalón og stífla sýnd sem „miðlunarlón og stífla“. Í greinargerð aðalskipulagsins segir að virkjanamannvirki hafi verið byggð. Virkjunin er 210 MW og Hrauneyjalón 8,8 km².¹⁷

Deiliskipulag


Á deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun (dags. 14.02.2001, með síðari breytingum) er afmarkað um 100 ha iðnaðarsvæði sem nær yfir helstu framkvæmdasvæði Hrauneyjafossvirkjunar, þ.e. stöðvarhús, frárennslisskurð, aðrennslisskurð og yfirfall. Ekki er gerð grein fyrir mannvirkjum að öðru leyti.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir önnur mannvirki virkjunarinnar.

Skráning fornminja

Aðalskráningu fornminja í Ásahreppi er lokið.¹⁸

Engar þekktar minjar eru á áhrifasvæði Hrauneyjafossvirkjunar. Aðalskráning fornminja stendur yfir í Rangárþingi ytra.



Mynd 15. Deiliskipulag fyrir Búðarhálsvirkjun nær yfir hluta mannvirkja við Hrauneyjafossvirkjun.

3.4.2 Mannvirki

Eftirtalin mannvirki eru hluti af Hrauneyjafossvirkjun:

